

## 1250. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. júní 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Jónas Yngvi Ásgrímsson.

**Gestur fundarins:** Þórarinn Þórsson, forstöðumaður þjónustusviðs VR.

**Næsti fundur:** 16. ágúst 2023

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð 1249. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1249. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Þá var lokið við undirritun fundargerða 1248. og 1249. stjórnarfunda.

### 2. Ritun fundargerða hjá VR

Rætt var um ritun fundargerða stjórnarfunda í kjölfar umræðna á fundi stjórnarinnar í maí. Ragnar Þór fór yfir að fundargerðir hafi verið ritaðar með ýmsum hætti í áranna rás en að nokkuð góð sátt hafi ríkt um hvernig fyrirkomulagi og formi fundargerða væri nú háttað. Fundargerðir hafi verið mjög ítarlegar fyrir nokkrum árum og langan tíma hafi tekið á stjórnarfundum að fara yfir og klára fundargerðir.

Halla Gunnarsdóttir, sem hóf umræðu um fundargerðir á síðasta fundi, lagði til að farið verði yfir fyrirkomulag á ritun fundargerða og vistun þeirra með nýju stjórnarfólki.



Stefán Sveinbjörnsson leggur til breytingu á vistun fundargerða þannig að óundirritaðar fundargerðir verði vistaðar með gögnum næsta fundar á eftir í skjalavistunarkerfi félagsins og stjórnargátt en að undirritaðar fundargerðir fari síðan í mál þess fundar sem þær eiga við.

Samþykkt.

Að öðru leyti voru ekki gerðar breytingar á fyrirkomulagi ritunar fundargerða.

### 3. Kynning á þjónustusviði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Þjónustusvið VR kynning fyrir stjórn VR“ til kynningar.

Ragnar Þór bauð velkominn Þórarinn Þórsson, forstöðumann þróunarsviðs VR, sem fór yfir verkefni og skipulag sviðsins.

Í máli Þórarins kom fram að starfsstöðvar VR væru á sex stöðum á landinu, auk Reykjavíkur væru þær í Reykjanesbæ, Akranesi, Selfossi, Vestmannaeyjum og Egilsstöðum. Á sviðinu starfa nú 22 einstaklingar auk tveggja sem ráðin voru til sumarafleysinga sumarið 2023.

Þórarinn fór yfir helstu verkefni sviðsins, sem eru að taka á móti umsóknum félagsfólks um þjónustu og afgreiða erindi sem berast m.a. vegna sjóða félagsins. Undir sviðið heyrir þjónusta vegna Sjúkrasjóðs VR og Orlofssjóðs. Þá heyra ráðgjafar VR hjá Virk endurhæfingarsjóði undir sviðið. Afgreiðsla erinda er m.a. í formi símsvörunar, svörunar á vefspjalli sem er ný þjónusta félagsins og tölvupósts.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir hér til fundar kl. 17:40.

Þórarinn sagði að mikil ánægja væri með þjónusta félagsins, samkvæmt niðurstöðum viðhorfskannanna meðal félagsfólks, um og yfir 70% svarenda segjast ánægð. Hann sagði frá því að samkvæmt mælingum Advania væri bið eftir svörun í síma um 10 sekúndur sem teljist vera mjög góð svörun.

Þórarinn fór yfir nokkrar lykiltölur í þjónustunni og sagði m.a. frá því að janúar til maí á þessu ári hafi símtöl til félagsins verið rúmlega 16 þúsund, meira en 1.500 erindi hafi borist í vefspjalli og hátt í sjö þúsund tölvupóstar. Hann benti á að árið 2022 hafi afgreiðslur á skrifstofu VR verið tæplega 4.700 talsins og símtöl rúmlega 37 þúsund.

Umræður

Ragnar Þór þakkaði Þórarni fyrir erindið og yfirgaf hann fundinn kl. 17:55.

## 4. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum lágu skjölin „Launabreytingar á Norðurlöndum 2023“ til kynningar og „Nefndir á vegum ASÍ“ til afgreiðslu.

Ragnar Þór skýrði frá því að kjaramálanefnd félagsins hafi fundað nýlega í fyrsta sinn eftir að ný nefnd var stofnuð í kjölfar kosninga í mars. Nefndin undirbýr nú vinnufund í haust þar sem ræða á mögulegar útfærslur á svörtum lista fyrirtækja.

Hvað varðar stöðuna í kjaraviðræðum sagði Ragnar Þór að fundað hafi verið með SA, m.a. um styttingu vinnuvikunnar, áunnin réttindi, orlof og uppsagnarfrest. Lítið nýtt hafi komið útúr þeim viðræðum, einna helst sé einhver hreyfing á umræðu um orlofsmálin.

Nú liggur fyrir hver tekur við sem framkvæmdastjóri SA, Sigríður Margrét Oddsdóttir. Ekkert liggur hins vegar enn fyrir um hver tekur við sem ríkissáttasemjari, sagði Ragnar.

Ragnar Þór sagði að aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna verðbólgunnar, sem kynntar voru rétt áður en Alþingi fór í sumarleyfi, séu ekki meiri en svo að ekki hafi þurft að gera breytingar á fjármálaáætlun. Verið væri að hækka lífeyri og framlög í almenna íbúðakerfið, sem ríkisstjórnin hafi þegar verið búin að lofa. Aukin framlög nýtist hins vegar ekki sem skyldi, vöntun sé einna helst á lóðum. Ragnar Þór fjallaði um leigumarkaðinn og sagði glitta í ný húsaleigulög.

Ragnar Þór fjallaði því næst um verðgáttina sem nýlega var opnuð á vefnum, verdgattin.is, en síðuna má rekja til síðustu kjarasamninga þar sem sett var á laggirnar nefnd beggja aðila sem á að fylgjast með þróun á verðlagi. Verðgáttin haldi utan um verð á um 80 vöruflokkum hjá þremur verslunum (Bónus, Nettó og Krónunni) og birti það opinberlega. Mikilvægt sé að bæta við fleiri vöruflokkum og birta jafnframt samanburð við erlendar verslanir.

Ragnar Þór fjallaði um launapróun í samanburði við Norðurlöndin en VR hefur tekið saman slíkan samanburð og er það skjal meðal gagna fundarins í stjórnargátt. Áfram verður unnið að því að greina skipulag og þróun launa og kjarasamninga í nágrannalöndunum og verður sú greining send til stjórnar um leið og hún liggur fyrir. Það sé hins vegar ljóst á þeim gögnum sem liggja fyrir að allt tal um að laun hér á landi séu svo há í samanburðinum standist ekki skoðun.

### Umræður

Í umræðum kom fram ósk um sérstaka umfjöllun um stöðu launafólks á höfuðborgarsvæðinu vs. landsbyggðinni, ekki síst vegna umræðu í þjóðfélaginu um sitthvorn launataxtann.

Næst var farið yfir skipan fulltrúa VR í nefndir Alþýðusambandsins og óskir stjórnarfólks. Niðurstaða var sem hér segir (þ.m.t. skipan af hálfu miðstjórnar ASÍ):

#### **Menntanefnd**

Aðalmaður  
Skipuð af ASÍ

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Selma Björk Grétarsdóttir

#### **Húsnæðisnefnd**

Aðalmaður  
Skipaður af ASÍ

Ævar Þór Magnússon  
Ragnar Þór Ingólfsson

#### **Efnahags- og skattanefnd**

Aðalmaður  
Varamaður  
Skipuð af ASÍ

Þorvarður Bergmann Kjartansson  
Þórir Hilmarsson  
Halla Gunnarsdóttir

#### **Heilbrigðisnefnd**

Aðalmaður  
Varamaður

Þórir Hilmarsson  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

#### **Lífeyrisnefnd**

Aðalmaður  
Varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Halla Gunnarsdóttir

#### **Jafnréttisnefnd**

Aðalmaður  
Varamaður  
Varamaður

Tómas Gabríel Benjamin  
Jennifer Schröder  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

#### **Vinumarkaðsnefnd**

Aðalmaður  
Varamaður

Sigrún Guðmundsdóttir  
Vala Ólöf Kristinsdóttir

#### **Nefnd um brotastarfsemi**

Aðalmaður  
Varamaður  
Varamaður

Jennifer Schröder  
Tómas Gabríel Benjamin  
Sigrún Guðmundsdóttir

#### **Alþjóðanefnd**

Aðalmaður  
Varamaður  
Varamaður

Sigmundur Halldórsson  
Þórir Hilmarsson  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

## 5. Vinnustaðaeftirlit hjá VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Vinnustaðaeftirlit kynning fyrir stjórn VR“ til umfjöllunar.

Bjarni Þór Sigurðsson hafði óskað eftir áframhaldandi umræðu um vinnustaðaeftirlit í kjölfar kynningar á fundi stjórnar 11. maí en lítill tími gafst til umræðu um málefnið á þeim fundi. Kynning sem nú liggur fyrir er samhljóða þeirri sem var á þeim fundi.

Bjarni Þór hóf umfjöllunina og sagði vinnustaðaeftirlit mjög mikilvægt í starfsemi félagsins og það yrði enn öflugra yrði því sinnt í samstarfi við önnur stéttarfélög. Vinnustaðaeftirlit væri hornsteinninn í starfsemi félaganna og öflug snerting við félagsfólk. Sums staðar ætti meirihluti mála sem koma inn á borð sérfræðinga kjaramála hjá stéttarfélögum uppruna sinn í heimsókn vinnustaðeftirlitsfulltrúa. Bjarni Þór lagði til að óskað yrði eftir því að Sögu Kjartansdóttur, sem heldur utan um vinnustaðaeftirlit hjá ASÍ, yrði boðið að koma á fund stjórnar og fjalla um eftirlitið.

Stefán Sveinbjörnsson fór stuttlega yfir hvernig vinnustaðaeftirliti hefur verið háttað hjá VR undanfarin ár. Félagið hafi haft tvo fulltrúa við vinnustaðaeftirlit sem hafi verið unnið í samstarfi annars vegar við Eflingu og hins vegar við Báruna. Nú sé til skoðunar hjá nokkrum félögum að taka eftirlitið útúr stéttarfélagunum þannig það verði starfrækt utan stéttarfélaganna. Verið sé að skoða hvernig slíkt fyrirkomulag myndi henta VR. Hjá VR var nýlega gerð breyting á fyrirkomulagi eftirlitsins og heyrir það nú undir kjaramálasvið.

### Umræður

Stjórnarfólk tók undir mikilvægi vinnustaðaeftirlitsins. Halla Gunnarsdóttir lagði til að stjórnarfólk geti komið með fulltrúum VR í vinnustaðaeftirlit í eitt skipti til að kynnast enn betur starfi vinnustaðaeftirlitsfulltrúa.

Sigríður Lovísa lagði til í umræðum að á vef félagsins verði tilkynningarhnappur þar sem starfsfólk geti sent inn, nafnlaust ef það óskar þess, tilkynningar um brotalöm á vinnustað og félagið gæti þá sent fulltrúa sem sinni vinnustaðaeftirliti á staðinn. Fleiri á fundinum tóku undir þessa hugmynd. Bent var á síðuna labour.is sem dæmi um slíkt.

Þá var óskað eftir því að teknar yrðu saman upplýsingar um hvaða heimildir vinnustaðaeftirlit hafi hvað snertir atvinnugreinar og fyrirtæki sem falla undir VR.

Sigríður Lovísa kom með fyrirspurn um vinnustaðaskírteini, hvort ekki sé hægt að tryggja að allt starfsfólk hafi slíkt.

Stefán benti á að samkomulag sé milli ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini ákveðinna starfa, rætt hafi verið um að útvíkka það í kjarasamningum 2019, án árangurs.

## 6. Staða arkitekta í Sjúkrasjóði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Arkitektar í Sjúkrasjóði VR minnisblað til stjórnar VR júní 2023“ til umræðu og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson fór stuttlega yfir minnisblaðið og rakti aðkomu arkitekta að Sjúkrasjóði VR sem hófst árið 1999 en þá gengu arkitektar í sjóðinn. Frá þeim tíma hafa iðgjaldagreiðslur farið í sérstakan sjóð en rekstur sameiginlegur Sjúkrasjóði VR. Arkitektafélagið gekk í BHM árið 2014 en arkitektar hafa áfram greitt iðgjald í Sjúkrasjóð VR. Unnið hefur verið mat á stöðu arkitekta í sjóðnum m.t.t. greiddra iðgjalda þeirra sem voru hærri en félagsfólks VR í ljósi mismunandi veikindaréttar, en hann var áður lakari hjá arkitektum en VR. Nú standa yfir viðræður um að arkitektar gangi úr Sjúkrasjóði VR og hvernig standa megi að því.

Umræður

Lagt var fyrir fundinn að framkvæmdastjóri fá heimild stjórnar VR til samningaviðræðna um uppgjör arkitekta. Samningur yrði gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar VR.

Samþykkt

## 7. Menntastefna VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Menntastefna VR 2023 – 2025“ til afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir tillögur að breytingum á menntastefnu VR en ekki er um efnislegar breytingar að ræða, eingöngu minniháttar orðalagsbreytingar og skilgreiningar.

Umræður

Í umræðum var bent á tvennt sem betur mátti fara og verður það leiðrétt. Menntastefnan var því næst lögð fyrir fundinn og samþykkt sem hér segir (með breytingum og leiðréttingum frá fundinum):

## Menntastefna VR 2023-2025

VR leggur áherslu á að félagsfólki VR sé tryggður sá möguleiki að eflast og þróast í starfi á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem um er að ræða formlegt eða óformlegt nám<sup>1</sup>. VR kappkostar að félagsfólki gefist kostur á að bæta við sig aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi. VR tekur virkan þátt í þeim verkefnum í íslensku samfélagi sem talin eru til framdráttar varðandi frekari menntun og hæfni félagsfólks VR.

Helstu áherslupættir VR er varða menntastefnu VR 2023-2025 eru:

### 1. Aukin hæfni félagsfólks

- a. VR vill stuðla að aukinni menntun meðal félagsfólks sem ekki hefur lokið við grunnmenntun.

- b. VR leggur áherslu á að félagsfólki gefist ávallt kostur á að auka hæfni sína með sí- og endurmenntun.
- c. VR hvetur félagsfólk sitt til að undirbúa sig fyrir frekari breytingar og leita leiða til að takast á við mögulegar breytingar á störfum í framtíðinni.

## 2. Samvinna innan skólasamfélagsins í heild sinni

- a. VR er virkur þátttakandi í frampróun náms og námsúrræða fyrir félagsfólk.
- b. VR tekur þátt í verkefnum á öllum skólastigum.
- c. VR stuðlar að aukinni samvinnu við símenntunarmiðstöðvar.
- d. VR vinnur með hagsmunaaðilum til aukinnar hæfni fyrir félagsfólk sitt.

## 3. Síbreytileg og uppfærð upplýsingagjöf til félagsfólks

- a. VR tryggir skýrt aðgengi félagsfólks að upplýsingum um frekara nám og leiðum til hæfniaukningar.
- b. VR upplýsir félagsfólk um hvaða breytingar geta orðið á vinnumarkaði og á störfum þess.

## 4. Raunfærnimat og starfsþróunarráðgjöf?

- a. VR stuðlar að því að hæfni sem félagsfólk hefur áunnið sér verði metin/skrásett.
- b. VR stuðlar að því að aðgengi í raunfærnimat í almennri starfshæfni verði gott
- c. VR stuðlar að því að raunfærnimat skili félagsfólki ávinningi til styttingar á formlegu námi.

<sup>1</sup>Með formlegu námi er átt við nám sem hannað er sem slíkt, stundað af ásetningu starfsfólks, fer yfirleitt fram í kennslustofu og gefin er út staðfesting á því. Óformlegt nám getur verið innbyggður hluti af verkefnum í starfi en stundað með ásetningu starfsfólks að afla sér aukinnar þekkingar og hæfni.

Meira ekki gert, fundi slitið kl. 21:10